

Tilmæli 25/2022
Tillaga A 1771/tillväxt
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Fylgiskjal Nefndarálit um þingmannatillögu um rafvæðingu siglinga og hafna

Um rafvæðingu siglinga og hafna

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2022 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að efna til viðræðna norrænu landanna og allra Eystrasaltsríkjanna um sameiginlega staðla fyrir rafvæðingu hafna á svæðinu og enn fremur að skipum í höfnum verði gert að nota landrafmagn og veita aðgang að landrafmagni og að þróa innviði fyrir orkugjafa sem losa ekki kolefni (svo sem vetni og ammóníak).
- að beita sér fyrir því að Norðurlönd leggist á eitt um að draga úr útblæstri í höfnum (og á sjó, til dæmis hvað viðvíkur tæmingu tanka á sjó)
- að beita sér fyrir því að þróaðir verði sameiginlegir umhverfisvísar fyrir siglingar (sérstaklega varðandi strandlengjuumferð og á styttri ferðum) og að Norðurlönd samhæfi umhverfiskröfur við setningu hafnargjalda (svo að umhverfisvænni farartæki njóti góðs af)

Helsingfors, 3. nóvember 2022

Erkki Tuomioja
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs